



Margrét Guangbing Hu að afloknum framhaldsprófstónleikum á píanó 28. maí 2020

• *Gerum góðan skóla betri* •

Október 2020

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árneseinga október 2020.....	4
Inngangur	4
Veturinn 2019 – 2020.....	5
Forskólinn 2019 - 2020	5
Próf veturinn 2019 – 2020.....	5
Tónleikahald 2019 - 2020.....	5
Ungsveit SÍ í september 2019.....	5
Orða blokkflautukeppni í október 2019.....	5
Deildatónleikar í nóvember 2019	5
Píanó-hringekja og heimsókn í nóvember 2019.....	6
Lúðrasveitamaráðun í Hörpu, nóvember 2019.....	6
Blokkflautusveit á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.....	6
Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna í janúar 2020	6
Dagur tónlistarskólanna í febrúar 2020	6
Strengjakvartett í Listasafninu og brautskráningu í FSu. Nótutónleikar féllu niður	6
Framhaldsprófstónleikar í maí 2020.....	7
Áhrif Covid-19 á vorönn 2020	7
Veturinn 2020 – 2021.....	8
Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld.....	8
Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árneseinga 2020 – 2021.....	8
Fjöldi nemenda 2020 – 2021 / biðlistinn.....	9
Kennarar 2020 – 2021	9
Endur- og símenntun kennara.....	9
Kennslustaðir 2020 – 2021.....	10
Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2020 – 2021	10
Tónlistarflutningur „útí bæ“	11
Forskóla-hljóðfærakynningar	11
Samstarf skóla og millilandaverkefni veturinn 2020 – 2021.....	11
Nýr bókari	11
Áætlun 2021	11
Skýrslur deildastjóra maí 2020.....	12
Blásaradeild	12
Blokkflautudeild.....	13
Forskóladeild.....	14

Píanódeild.....	18
Rytmísk deild	19
Strengjadeild.....	20
Suzukideild.....	21
Söngdeild	23
Tónfræðideild	24
Fylgiskjal A - Skóladagatal.....	25
Fylgiskjal B – Hljóðfærakynningar í 2. bekk	25
Fylgiskjal C – Stigspróf 2015 - 2020	25
Fylgiskjal D – Fjöldi kenndra klst.....	25
Fylgiskjal E – Nemendafjöldi.....	25
Fylgiskjal F – Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum.....	25
Fylgiskjal G – Hlutfall nemenda í hverjum námsáfangi	25
Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni.....	25
Fylgiskjal I – Aldursskipting nemenda.....	25
Fylgiskjal J – Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi.....	25
Fylgiskjal K – Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft - hlutfall	25
Fylgiskjal L – Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs.....	25
Fylgiskjal M – Hlutfall nemenda í tónlistarnámi	25
Fylgiskjal N - Kennaralisti.....	25
Fylgiskjal O - Kynjahlutfall kennara.....	25
Fylgiskjal P - Starfshlutfall kennara eftir kyni	25
Fylgiskjal Q – Skólagjöld.....	25
Fylgiskjal R – úr Ársreikningi 2019	25
Fylgiskjal S – 6 mán. uppgjör 2020	25
Fylgiskjal T – Fjöldi nemenda og klst. október 2020.....	25
Fylgiskjal U – Áætlun 2021	25
Fylgiskjal V – Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2020.....	25

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga október 2020

Inngangur

Coronaveirufaraldur hafði mikil áhrif á skólahald í lok síðasta skólaárs þegar kennarar þurftu, nánast yfir nótt, að breyta kennsluháttum og færa sig yfir í fjarkennslu með tilheyrandi breytingum á stundaskrá og tæknilegu tilstandi.

Í haust fór starfsemi af stað með nokkuð eðlilegum hætti, en kennarar hafa með aðdáunarverðum hætti (reynslunni ríkari) aðlagð kennslu að breyttum aðstæðum og flutt sig í fjarkennslu þegar á hefur þurft að halda. Þannig hafa einkatímar haldið snurðulaust áfram þó nemendur eða kennarar hafi þurft að sitja í sóttkví.

6. – 19. október 2020 voru felldir niður allir hóptímar vegna fjölda smita í samfélaginu og fjölda nemenda í sóttkví, enda blandast í tónlistarskólanum nemendur úr mörgum skólum og á ólíkum aldri. Ef á þarf að halda færast tónfræðikennsla í fjarkennslu, rétt eins og einkatímarnir. Því miður er ekki hægt að halda úti samspils- og hljómsveitaæfingum í fjarfundabúnaði vegna seinkunar á hljóði.

Það er gaman að geta þess að kennarar skólans skipuðu að stórum hluta nýstofnaða Sinfóníuhljómsveit Suðurlands, sem hélt sína fyrstu tónleika í september undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. Það voru grunnskólanemendur í Þorlákshöfn, Hveragerði og uppsveitum sem fengu að njóta þeirrar skemmtilegu dagskrár sem boðið var uppá, en því miður tókst ekki að halda tónleika í Árborg vegna Covid.

Þrátt fyrir allt hófust hljóðfærakynningar í 2. bekk skv. áætlun þann 7. október, með heimsókn nemenda Vallskóla í tónlistarskólann. Í þessari fyrstu kynningu fengu nemendur upplýsingar um rytmísk hljóðfæri og klassískan gítar.

Tónleikahald verður með óhefðbundnu sniði í vetur, en nemendur undirbúum við fyrir tónleika eins og ekkert hafi í skorist. Hugmyndin er hins vegar sú að í stað áheyrenda í sal munum við gera tilraunir með upptökur eða streymi eftir því sem við á. Við ætlum sem sagt að líta á þessar óvenjulegu aðstæður sem tækifæri til að efla okkur á tæknisviðinu og gefa nemendum tækifæri á að kynnast upptökum.

Áskoranir vetrarins eru ólíkar þeim sem við höfum staðið frammi fyrir áður. Það þætti ekki háleitt markmið í venjulegu ári að vonast bara til að geta haldið úti eðlilegri kennslu og æfingum samspils- og hljómsveita. Tónleikahald innan og utan skólans, heimsóknir milli tónlistarskóla, æfingabúðir, hljóðfæraleikur úti í samfélaginu fyrir eldri borgara, leikskólabörn, á fundum og víðar, sem við sinnum venjulega, er í bili brothættur draumur.

Vonandi tekst að halda úti stærstum hluta þess starfs sem áætlað er í skóladagatali vetrarins. Við fögnum alla vega öllum litlum skrefum og gleðjumst yfir því sem gera má.

*Selfossi, 20. október 2020,
Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri*

Veturinn 2019 – 2020

Forskólinn 2019 - 2020

Hljóðfærakynningar Tónlistarskóla Árnesinga í 2. bekk grunnskóla Árnessýslu voru komnar vel á veg þegar lokanir vegna Covid dundu á okkur 16. mars 2020. Það vildi svo vel til að kynningum á hljóðfærum var nær alveg lokið og aðeins nokkrir upprifjunartímar eftir. Til að ljúka vetrinum fengu nemendur send kynningarblöð með upplýsingum um hljóðfæri og námsmöguleika. Að vanda voru valin lög til söngs yfir veturinn og í þetta sinn voru það löginn „Dvel ég í draumahöll“ og „Krummi svaf í klettagjá“.

Próf veturinn 2019 – 2020

Veturinn 2019 – 2020 luku 177 nemendur stigsprófum. Þar af luku 36 nemendur samræmdum áfangaprófum samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Einn píanónemandi lauk framhaldsprófi í vor, ásamt tilheyrandi tónleikum, en það var Margrét Guangbing Hu. (Fylgiskjal C - Stigspróf 2015 – 2020).

Tónleikahald 2019 - 2020

Tónleikahald var með hefðbundnu sniði veturinn 2019 – 2020 fram í mars þegar Covid-19 tók yfir. Hausttónleikar kennaranna, súpútónleikar á Stokkseyri, jólatónleikar Suzukideildar, jólaspilamennska út um hvippinn og hvappinn, eru fastir liðir, en nokkrir viðburðir skera sig úr. Hér verður stiklað á helstu viðburðum vetrarins.

Ungsveit SÍ í september 2019

Tveir nemendur Tónlistarskóla Árnesinga, þær Katrín Birna Sigurðardóttir (selló) og Elísabet Anna Dudziak (fiðla), léku með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tónleikum sveitarinnar sunnudaginn 22. september 2019. Að baki var profuspil, langur undirbúningstími og þéttar æfingar – og uppskeran 9. sinfónía Beethovens í Eldborgarsal Hörpu, undir stjórn Daniel Raiskin. Einstaklega glæsilegir tónleikar. Auk hljómsveitarinnar komu fram sex kórar og fjórir einsöngvarar og voru í allt um 300 flytjendur á sviði. Frábært tækifæri fyrir alla þá nemendur sem tóku þátt.

Orda blokkflautukeppni í október 2019

Tveir blokkflautunemendur, Kristín Viðja Vernharðsdóttir og Elín Karlsdóttir tóku þátt í Orda-blokkflautukeppni í Amsterdam dagana 24. – 27. október. Að fá tækifæri til að taka þátt í keppni sem þessari er heilmikið ævintýri og mjög lærdómsríkt. Auk þess að leika sjálfar sóttu stúlkurnar fjölda tónleika, m.a. hjá Lucie Horsch blokkflautuleikara.

Deildatónleikar í nóvember 2019

Deildatónleikar tónlistarskólans, sjö talsins, voru haldnir í byrjun nóvember. Þessir tónleikar eru alltaf spennandi því þarna koma fram allar hljómsveitir og samspilshópar skólans. Tónleikarnir í ár voru engin undantekning þar á, dagskráin fjölbreytt og nemendur voru sér og skólanum til sóma.

Píanó-hringekja og heimsókn í nóvember 2019

Laugardaginn 16. nóvember fékk skólinn góða gesti, þegar 30 píanónemendur og fjórir kennarar úr Tónskóla Sigursveins komu í heimsókn. Reykjavíkurhópurinn tók strætó á Selfoss þar sem píanónemendur og kennarar TÁ tóku á móti þeim. Fyrir hádegi voru æfð fjórhent og sexhent lög í öllum stofum, þá kom stuttur útileikjatómi í vetrarblíðunni í Sigtúnsgarði. Eftir hádegi voru svo haldnir frábærir píanó-hringekjutónleikar í sal skólans – og að tónleikum loknum fengu allir pizzu áður en haldið var heim.

Lúðrasveitamaráðun í Hörpu, nóvember 2019

Sunnudaginn 17. nóvember tóku eldri blásarasveitir Tónlistarskóla Árnesinga á Selfossi og í Þorlákshöfn, þátt í lúðrasveitamaráðunni í Silfurbergi í Hörpu. Fram komu skólalúðrasveitir af öllu landinu og léku frá kl. 11 - 18. Blásarasveitirnar okkar fluttu sameiginlega efnisskrá og gaman að sjá sveitirnar sameinaðar í þessu skemmtilega verkefni. Frammistaðan var til fyrirmyndar eins og vænta mátti.

Blokkflautusveit á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Helgina 14. og 15. desember tók eldri blokkflautusveit skólans (skipuð 10 blokkflautuleikurum og fjórum slagverksleikurum) þátt í fernum jólatónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu. Þetta var mikið ævintýri og mjög spennandi verkefni að takast á við. Hópurinn stóð sig afskaplega vel og fékk hann mikið hrós fyrir frammistöðuna, fallegan leik og sviðsframkomu.

Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna í janúar 2020

Laugardaginn 25. janúar léku þrír nemendur Tónlistarskóla Árnesinga með Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna, í Langholtskirkju í Reykjavík. Þetta voru þau Hildur Tanja Karlsdóttir, Ingibjörg Óafsdóttir og Óttar Pétursson. Þau mættu á 12 æfingar til Reykjavíkur í janúar, og þrátt fyrir köflótt veðurfar gekk æfingadagskráin upp. Að fá tækifæri til að taka þátt í stóru verkefni sem þessu (með um 80 öðrum flytjendum) er mjög eflandi og ómetanlegt fyrir nemendur. Á dagskrá voru þrjú verk eftir Iturralde, Márquez og Bizet. Stjórnandi tónleikanna var Guðmundur Óli Gunnarsson, en til gamans má geta þessa að hann kenndi þessum sömu nemendum tónlistarvalgrein við Tónlistarskóla Árnesinga.

Dagur tónlistarskólanna í febrúar 2020

Dagur tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur um allt land laugardaginn 8. febrúar. Í tilefni dagsins stóð Tónlistarskóli Árnesinga fyrir sjö svæðistónleikum um alla sýslu. Þrennir þeirra voru á Selfossi, en aðrir voru í Aratungu, Árnesi, Hveragerðiskirkju og Þorlákskirkju. Dagurinn var afskaplega líflegur og skemmtilegur, enda komu fram um 250 nemendur á tónleikunum sjö, eða um helmingur nemenda skólans. Kennarar skiptu með sér verkum, um leið og þeir fylgdu nemendum á hverja tónleikana á fætur öðrum. Þema vetrarins var teiknimynda- og tölvuleikjatonlist og litaði það dagskránnar oft með fjölbreytni og skemmtilegheitum.

Strengjakvartett í Listasafninu og brautskráningu í FSu. Nótutónleikar féllu niður

Strengjakvartett Tónlistarskóla Árnesinga, skipaður þeim Arndísi Hildi á víólu, Elísabet Önnu og Ingibjörgu Ólafsdóttur á fiðlur og Katrínu Birnu á selló, undirbjó sl. vetur þátttöku á afmælistónleikum Nótunnar (uppskeruhátíðar tónlistarskólanna). Kom kvartettinn fram á nokkrum tónleikum innan skólans til undirbúnings fyrir hátíðartónleikana, t.d. á tvennum

tónleikum á Listasafni Árnesinga ásamt gestum og við brautskráningu í FSu. Því miður féll Nótan niður vegna Covid.

Framhaldsprófstónleikar í maí 2020

Margrét Guangbing Hu, lauk framhaldsprófi í píanóleik í vor, með tilheyrandi framhaldsprófstónleikum þann 28. maí, þar sem hún stóð sig afskaplega vel. Þess má geta að Margrét er yngsti nemandi skólans sem lokið hefur framhaldsprófi í hljóðfæraleik, eða aðeins 16 ára gömul og lauk námi frá Grunnskólanum í Hveragerði í vor. Kennari Margrétar frá upphafi náms var Ester Ólafsdóttir.

Áhrif Covid-19 á vorönn 2020

Covid-19 hafði gríðarleg áhrif á starfsemi tónlistarskólans frá mars til maí 2020. Einkatímar og tónfræðitímar héldu áfram í fjarkennslu og undirleikur var leystur með því að senda upptökur af undirleik til nemenda. Kennarar eiga hrós og þakkir skildar fyrir dugnað, æðruleysi og þrautseigju við að aðlaga sig í snatri að nýjum kennsluháttum í fjarkennslu, setja saman nýjar stundaskrár og halda þannig samfellu í námi nemenda sinna.

Hljómsveitastarf og samspilstímar féllu niður. Deildatónleikar mið- og framhaldsdeilda, allir vortónleikar og skólaslit féllu niður. Að auki féllu niður afmælistónleikar Nótunnar í Hörpu, afmælis-vínarbrauðstónleikar strengjadeilda, fyrirhuguð heimsókn blokkflautusveitar frá Berlín, fyrirhuguð ferð yngri bláساسveita á lúðrasveitamót í Reykjanesbæ og vorferð eldri bláساسveita tónlistarskólans (Selfoss & Þorlákshöfn) til Feneyja.

Skólaslitavikan var nýtt til að ljúka þeim prófum sem útaf stóðu í mars.

Nánari upplýsingar um áhrif Covid-19 á starfsemi Tónlistarskóla Árnesinga vorið 2020, má finna á minnisblaði sem fylgir [Voryfirliti Tónlistarskóla Árnesinga 2020](#) á heimasíðu skólans www.tonar.is.

Veturinn 2020 – 2021

Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld

Skólaárið 2020 – 2021 hófst 20. ágúst með fimm starfsdögum kennara, en kennsla hófst 27. ágúst. Skólaárinu lýkur með skólaslitum 26. maí 2021 og þremur starfsdögum 27. – 31. maí. Starfsdagar á kennslutímabilinu eru þrír. Haustið er tekið 15. – 19. október. Kennsludagar eru 175 og kennsluskylda 20,57 klst./viku.

(Fylgiskjal A - Skóladagatal 2020 – 2021)

(Fylgiskjal Q - Skólagjöld 2020 – 2021)

- - -

Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnesinga 2020 – 2021

Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fulltrúi frá hverju sveitarfélagi

Framkvæmdastjórn: Fimm fulltrúar Héraðsnefndar

Stjórn Tónlistarsk. Árn.: Kristín Magnúsdóttir (Sveitarfél. Ölfus)
Kolbrún Haraldsdóttir, ritari (Hrunamannahreppi)
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, varaform. (Sveitarfél. Árborg)

Skólastjóri: Helga Sighvatsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Jóhann I. Stefánsson
Skólaritari: Ragnhildur Magnúsdóttir

Deildarstjórnar 2020-2022: Gestur Áskelsson Blásaradeild + Blokkflautudeild
Guðmundur Kristmundss. Strengjadeild + Suzukideild
Margrét Stefánsdóttir Píanódeild + Söngdeild
Vignir Ólafsson Rytísk deild + Gítardeild
Edit Anna Molnár Tónfræðad. + Forskóladeild
- deildarstjórnar eru ráðnir til tveggja ára í senn.

Umsjónarmenn kennslustaða

-getur breyst milli ára, fá úthlutað úr launapotti vegna ábyrgðar.

-hlutverk þeirra er að vera tengiliður skólans við samfélagið á hverjum stað, halda utan um tónleikahald á svæðinu og fylgjast með öryggismálum vegna húsnæðis.

Umsjónamenn kennslustaða veturinn 2020-2021:

Flóaskóli	Eyjólfur Eyjólfsson
Flúðir/Þjórsárskóli	Magnea Gunnarsdóttir
Hveragerði	Timothy Andrew Knappett
Reykholt	Björn Pálmi Pálmason
Stokkseyri/Eyrarbakki	Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir
Þorlákshöfn	Sigríður Kjartansdóttir

Fjöldi nemenda 2020 – 2021 / biðlistinn

Í ár stunda 554 nemendur nám við skólann í einkatímum og hóptímum. Þar af eru 163 nýnemar. Um 250 nemendur í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu fá hljóðfærakynningar / forskólanám á vegum Tónlistarskólans.

Á biðlista eru 18 nöfn (óvenju fáir) sem skiptast þannig skv. fyrsta vali:

Flóahreppur: 1 (Suzuki-víóla)

Hveragerði: 1 (1 x píanó)

Árborg: 11 (6 x gítar, 1 x rafbassi, 1 x söngur, 3 x trommur)

Ölfus: 5 (1 x gítar, 2 x píanó, 1 x fiðla, 1 x trommur)

Nánari upplýsingar um fjölda nemenda og fl. má sjá í meðfylgjandi fylgiskjöllum.

(Fylgiskjal D - Fjöldi kenndra klst.)

(Fylgiskjal E - Nemendafjöldi)

(Fylgiskjal F - Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum)

(Fylgiskjal G - Nemendafjöldi í hverjum námsáfangi - hlutfall)

(Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni)

(Fylgiskjal I - Aldursskipting nemenda í einkatímum)

(Fylgiskjal J - Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi)

(Fylgiskjal K - Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft - hlutfall)

(Fylgiskjal L - Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs)

(Fylgiskjal M - Hlutfall nemenda í tónlistarnámi)

(Fylgiskjal T - Fjöldi nemenda og klukkustunda október 2020)

Kennarar 2020 – 2021

Sem fyrr er lítil hreyfing á kennurum.

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir píanókennari sem var í launalausum leyfi sl. vetur kom aftur til starfa.

Suncana Slamnig píanókennari, Ingibjörg Birgisdóttir blokkflautukennari og Dagur Bergsson píanókennari létu af störfum í vor. Við þökkum þeim Suncönu, Ingibjörgu og Degi innilega fyrir ánægjulegt og farsælt samstarf á liðnum árum.

Fjórir nýir kennarar voru ráðnir til starfa í haust, en það voru Svetlana O. Veshchagina píanókennari, Sýlvía Rossel blokkflautukennari, Francisco Javier Jáuregui gítarkennari og Ása Berglind Hjálmarsdóttir málmblasturs- og tónfræðikennari.

- Við óskum nýliðunum okkar velfarnaðar í starfi.

Í vetur starfa 37 kennarar við skólann í um 28,68 stöðugildum.

(Fylgiskjal N - Kennaralisti)

(Fylgiskjal O - Kynjahlutfall kennara)

(Fylgiskjal P - Starfshlutfall kennara eftir kyni)

Endur- og símenntun kennara

Kennarar skólans eru almennt duglegir að sinna endur- og símenntun utan skólans eins og kveðið er á um í kjarasamningum.

Suzukikennarar eru flest allir í Suzukikennaranámi og einn kennari er í mastersnámi við tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

Tónlistarskólinn stendur árlega fyrir nokkrum námskeiðum og fyrirlestrum fyrir kennara á starfsdögum. Sl. vor fengu kennarar fyrirlestur frá Helgu Hrönn Óladóttur frá Streituskólanum, um forvarnir gegn streitu og kulnun. Í haust kom Katrín Möller frá TRS og hélt námskeið um Teams-fjarfundabúnaðinn. Til stóð að fá skyndihjálparnámskeið frá Rauða krossinum í haust, en það var felld niður vegna Covid. Innan skólans nýtum við líka þann mannauð sem til er og höldum t.d. árlega prófdómaranámskeið, eða fáum kennara skólans til að segja frá sinni kennslu og kennsluháttum.

Kennslustaðir 2020 – 2021

Kennslustaðir eru þeir sömu og sl. vetur, nema skólinn fékk viðbótaraðstöðu á Selfossi þar sem áður var rekin verslunin Veidisport. Húsnæðið var aðlagð starfsemi tónlistarskólans, útbúið sameiginlegt anddyri með Samfylkingarsalnum og veggur reistur. Þessi aðstaða bjargaði okkur alveg í haust, en mjög þröngt var orðið um alla kennslu og þá sérstaklega hópkenndu. Þessi tvö rými ganga núna undir tónskáldanöfnunum Orff og Páll Ísólfsen.

Árborg: Eyravegur 9 (höfuðstöðvar) og Eyravegur 15, Selfossi (Samfylkingarsalur og gamla Veidisport)

Árborg: Sunnulækjarskóli, Selfossi

Árborg: Vallaskóli, Selfossi

Árborg: Barnaskólinn á Eyrarbakka

Árborg: Barnaskólinn á Stokkseyri

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Reykholti

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Laugarvatni

Flóahreppur: Flóaskóli

Grímsnes- og Grafningshreppur: Kerhólsskóli

Hrunamannahreppur: Flúðaskóli

Hveragerði: Grunnskólinn í Hveragerði

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Þjórsárskóli

Ölfus: Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2020 – 2021

Tónleikahald verður með óhefðbundnu sniði í vetur, en nemendur undirbúum við fyrir tónleika eins og ekkert hafi í skorist. Hugmyndin er að í stað áheyrenda í sal munum við gera tilraunir með upptökur sem við svo streymum eftir því sem við á. Við ætlum sem sagt að líta á þessar óvenjulegu aðstæður sem tækifæri til að efla okkur á tæknisviðinu og gefa nemendum tækifæri á að kynnst upptökum. Búast má við að dagsetningar riðlist eitthvað eftir því hvort nemendahópar eða kennarar lenda í sóttkví, eða fjöldi smita trufli, en stærstu viðburðir vetrarins verða skv. skóladagatali:

- Deildatónleikar verða í október og nóvember sem hér segir:
 - Blásaradeildartónleikar – fimmtud. 29. okt.
 - Rytískir deildartónleikar – föstud. 30. okt..
 - Blokkflautudeildartónleikar – mánud. 2. nóv.
 - Gítardeildartónleikar - þriðjud. 3. nóv.
 - Strengjadeildartónleikar – miðvikud. 4. nóv.
 - Píanódeildartónleikar – fimmtud. 5. nóv.
 - Söngdeildartónleikar – föstud. 6. nóv.
- Hausttónleikar skólans vikuna 16. - 21. nóvember.
- Árlegt jólaball Suzukideildar miðvikud. 3. des.

- Í desember getum við vonandi farið með nemendur að leika jólalög og aðra fallega tónlist úti í samfélaginu.
- Dagur tónlistarskólanna verður haldinn hátíðlegur laugard. 6. febrúar 2021.
- Miðdeildartónleikar, miðvikud. 3. mars 2021.
- Framhaldsdeildartónleikar, fimmtud. 11. mars 2021.
- Vortónleikar, 3. – 7. maí 2021.
- Skólaslit 19. – 26. maí 2021.

Þema vetrarins er „Ást og gleði“.

Tónlistarflutningur „úti bæ“

Tónlistarskólanemendur heimsækja venjulega hjúkrunarheimili og leikskóla víða um sýsluna. Þessar heimsóknir víkja í vetur svo lengi sem Covid-staðan er óbreytt.

Forskóla-hljóðfærakynningar

Hljóðfærakynningum tónlistarskólans innan grunnskólanna verður framhaldið. Fá allar 17 bekkjardeildir 2. bekkjar fimm heimsóknir í vetur þar sem verður bæði sungið og leikið á hljóðfæri.

(Fylgiskjal B - Hljóðfærakynningar í 2. bekk)

Samstarf skóla og millilanda verkefni veturinn 2020 – 2021

Nokkur samstarfsverkefni voru áætluð í vetur, en þau frestast að öllu óbreyttu vegna Covid.

Nýr bókari

Bjarni Jónsson, sem séð hefur um bókhald Tónlistarskóla Árnesinga í fjóra áratugi eða frá 1980, lét af störfum 31. desember 2019. Við bókhaldinu tók Þórleif Gunnarsdóttir á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Bjarna eru færðar innilegar þakkir fyrir farsælt samstarf öll árin fyrir tónlistarskólann.

- - -

Áætlun 2021

Heildarframlög sveitarfélaga til Tónlistarskóla Árnesinga árið 2020 eru áætluð 287.285.222 kr. Ekki er gert ráð fyrir launabreytingum í þessari áætlun, en kjarasamningur FT rann út 30. júní 2019. Áætlun krefst því endurskoðunar þegar skrifað verður undir nýjan kjarasamning.

Forsendur áætlunar eru:

1. Áætlun gerð á rauntölum janúar - september 2020 og áætlun úr launaforriti fyrir veturinn 2020 - 2021.
2. Kennslustundafjöldi í október 2020, 503,61 klst.
3. Kjarasamningur FÍH við LS - gildistími 1. janúar 2020 - **31. desember 2020**
4. Kjarasamningur KÍ/FT við LS - gildistími 1. apríl 2018 - **30. júní 2019 - útrunninn**
- **Áætlun krefst endurskoðunar þegar nýir kjarasamningar verða undirritaðir.**

(Fylgiskjal R – bls. 5 úr Ársreikningi 2019)

(Fylgiskjal S – bls. 5 úr 6 mán. uppgjör 2020)

(Fylgiskjal U - Áætlun 2021)

(Fylgiskjal V - Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2021)

Skýrslur deildastjóra maí 2020

Blásaradeild

Skýrsla maí 2020

Deildarstjóri: Gestur Áskelsson

Kennarar:

Birna Bragadóttir

Gestur Áskelsson

Hjörtur B. Hjartarson

Jóhann I. Stefánsson

Sigríður Kjartansdóttir

Heimir Ingi Guðmundsson

Örlygur Benediktsson

Stefán I. Þórhallsson

Eyjólfur Eyjólfsson

Kennslugreinar:

Þverflauta, klarínetta, saxófónn

Klarínetta, saxófónn

Klarínetta, þverflauta, saxófónn

Trompet, básúna, túba

Þverflauta

Trompet, horn, básúna

Klarínetta, saxófónn

Slagverk

Þverflauta

Hljómsveitir og samspil:

Selfoss yngri blásarasveit

Selfoss eldri blásarasveit

Þorlákshöfn yngri blásarasveit

Þorlákshöfn eldri blásarasveit

Heimir Ingi Guðmundsson

Jóhann I. Stefánsson/Heimir Ingi Guðmundsson

Gestur Áskelsson

Gestur Áskelsson

Tónleikahald deildar:

Blásaradeildartónleikar

Óskalög þjóðarinnar í Hörpu

Aðventustund Þorlákskirkju

Jólaböll í grunnskólum

Dagur tónlistarskólanna

4. nóvember 2019

17. nóvember 2019

1. desember 2019

desember 2019

8. febrúar 2020

Blásaradeildin fór á Ljósheima og Fossheima í janúar 2020

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

A-B lúðrasveitamóti í Reykjanesbæ sem átti að vera í apríl 2020 frestað vegna Covid til 7. maí 2021.

Fyrirhuguð ferð C-D sveitar á lúðrasveitarmót til Feneyja vorið 2020 féll niður vegna Covid, en farið verður í staðinn vorið 2021.

Nemendur fara 1x í mánuði í leikskólann Bergheima í Þorlákshöfn 2019-2020

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim::

Kennarar tömdu sér nýja kennsluhætti með fjarkennslu í Covid 19 ástandinu og gekk það vel. Einstaklega gott að geta verið í sambandi við nemendur þrátt fyrir að mega ekki hitta þá.

Annað:

Það er sama staða hér og virðist vera um land allt. Það vantar nemendur á blásturshljóðfæri. Vonandi að skipulag hljóðfærakynninga tónlistarskólans skili árangri á því sviði.

Blokkflautudeild

Skýrsla maí 2020

Deildarstjóri: Gestur Áskelsson

Kennarar:

Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir
Ingibjörg Birgisdóttir
Helga Sighvatsdóttir

Kennslugreinar:

Blokkflauta og Suzukiblokkfl.
Blokkflauta og Suzukiblokkfl.
Blokkflauta

Samspilshópar:

Selfoss, Blokkflautusveit grunnnám
Selfoss, Blokkflautusveit mið-/framhnám
Suzuki-blokkflautuhópar 1
Suzuki-blokkflautuhópar 2

Stjórnandi:

Ingibjörg Birgisdóttir
Helga Sighvatsdóttir
Kristín Jóhanna Dudziak
Ingibjörg Birgisdóttir

Tónleikahald deildar:

Blokkflautudeildartónleikar 4. nóvember 2019
Súputónleikar Stokkseyri 13. október 2019
Blokkflautur á Ljósheimum/Fossheimum 24. október 2019
Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar í Hörpu 14. og 15. desember 2019 - Eldra samspil
Dagur tónlistarskólanna 8. febrúar 2020

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Blokkflautukeppni Orda-2019 í Amsterdam, 23. - 28. október 2019.
- Kristín Viðja Vernharðsdóttir og Elín Karlsdóttir tóku þátt.
Heimsókn blokkflautusveitar frá Berlín í apríl 2020, var frestað vegna Covid.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Suzuki blokkflautukennarar skólans hugðust sækja fyrstu ráðstefnu evrópskra
Suzukiblokkflautukennara í Surrey í Englandi 12. - 14. apríl 2019. - Frestað vegna Covid.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:

Kennarar kenndu í gegnum fjarfundabúnað á meðan á samkomubanni stóð vegna Covid-19.

Forskóladeild – hljóðfærakynningar í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu. Skýrsla maí 2019

Deildarstjóri: Edit Anna Molnár

Planið var að allir í 2. bekk í grunnskólum Árnessýslu myndu fá fimm heimsóknir yfir veturinn. Tvær fyrir jól og þrjár eftir jól. Það þurfti því miður að breyta þessu plani frá miðjum mars vegna ráðstafana sem gripið var til vegna Covid-19.

- Yfirumsjón með kynningunum var í höndum deildarstjóra hvers hljóðfærahóps. Hver þeirra hélt utan um sex kynningarlotur í sínum hljóðfæraflokki. Til liðs við sig fengu deildarstjórar kennara úr heimasveit eða annan kennara innan deildar eftir atvikum. Grunnskólakennarar og skólastjórar fengu í upphafi vetrar senda áætlun um heimsóknartímana.

Hver tími byggðist upp á kynningu á hljóðfærinu, hljóðfæraleik og nemendur fengu að prófa hljóðfærin. Að auki voru í hverri kynningu sungin lög.

Kynningar - Deildarstjórar - Kennarar:

1. **Píanó/gítar/slagverk/rytmísk hljóðfæri:** *Vignir Ólafsson, Margrét S. Stefánsdóttir*
+ Stefán I. Þórhallsson.
2. **Strokhljóðfæri:** *Guðmundur Kristmundsson*
+ Guðmundur Pálsson, María Weiss, Ulle Hahndorf.
3. **Tréblásturshljóðfæri:** *Gestur Áskelsson*
+ Birna Bragadóttir, Eyjólfur Eyjólfsson, Hjörtur B. Hjartarson, Ingibjörg Birgisdóttir, Kristín J. Dudziak, Sigríður Kjartansdóttir.
4. **Málmblásturshljóðfæri:** *Jóhann I. Stefánsson*
+ Heimir I. Guðmundsson, Helga Sighvatsdóttir
5. **Upprifjunartími/sögur:** *Edit Molnár*
+ Miklós Dalmay, Einar Bjartur Egilsson, Björn Pálmi Pálmason, Ester Ólafsdóttir, Dagur Bergsson, Magnea Gunnarsdóttir.

Í vor fengu nemendur blað með myndum af hljóðfærunum, þakkarbréf og kynningu til foreldra. – Sjá á næstu blaðsíðum.

TAKK ☺

Kæru nemendur í 2. bekk

Hjartans þakkir fyrir frábærar móttökur í hljóðfærakynningunum í vetur. Það var mjög gaman að heimsækja ykkur í skólann, sjá hvað þið voruð áhugasöm um hljóðfærin, dugleg að hlusta, prófa hljóðfærin og syngja.

Á þessu blaði sjáið þið myndir af öllum hljóðfærunum sem tónlistarskólakennararnir kynntu fyrir ykkur – og nokkur í viðbót. Ef þið viljið fræðast meira um hljóðfærin getið þið farið inn á heimasíðu Tónlistarskóla Árnesinga www.tonar.is –
Námsframboð.

Tónlistarkveðja frá tónlistarskólakennurunum

Til foreldra/forráðamanna:

Ef áhugi er fyrir tónlistarnámi næsta vetur, má sækja um á heimasíðu Tónlistarskóla Árnesinga, www.tonar.is og smella á hnappinn „Umsókn um skólavist“.

- Umsóknarfrestur er til 1. júní.

- Ekki komast allir að í fyrstu umferð, en hringt er í nemendur á biðlista um leið og losnar pláss.

Klassískt nám

Hljómborðshljóðfæri

Píanó



Kirkjuorgel



Harmonika



Harpa



Klassískur gítar



Strokhljóðfæri

Fiðla



Víóla



Selló



Kontrabassi



Málmblasturshljóðfæri

Trompet



Althorn / Barítónhorn



Básúna



Horn



Túba



Tréblasturshljóðfæri

Blokkflauta



Klarínetta



Saxófónn



Fagott



Óbó



Þverflauta



Piccoloflauta



Klassísk ásláttarhljóðfæri

Sneriltromma



Ásláttarhljómborð
(t.d. marimba, sílófónn, víbrófónn, klukkuspil)



Bassatromma



Þríhorn



Tambúrína



Pákur



Rytmískt nám er ætlað nemendum 8/9 ára og eldri – fer eftir stærð nemenda.

Rafgítar



Rafbassi (frá 9 ára aldri)



Trommusett (frá 8 ára aldri)



Gítardeild

Skýrsla maí 2020

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar :

Birgit Myschi

Kristinn Freyr Kristinsson

Hjörtur B. Hjartarsson

Vignir Ólafsson

Kennslugreinar:

Klassískur- og Susuki-gítar/samspil

Klassískur gítar/samspil

Klassískur gítar/samspil

Rafgítar, rafbassi, samspil

Samspilshópar:

Hveragerði Gítarsamspil

Laugarvatn Gítarsamspil

Selfoss Gítarsamspil 1

Selfoss Gítarsamspil 2

Selfoss Suzukihópur A

Selfoss Suzukihópur B

Selfoss Suzukihópur C

Stjórnandi:

Kristinn Freyr Kristinsson

Kristinn Freyr Kristinsson

Kristinn Freyr Kristinsson

Kristinn Freyr Kristinsson

Birgit Mysci

Birgit Mysci

Birgit Mysci

Tónleikahald deildar:

Gítardeildartónleikar í Listasafni Árnesinga 5.11.2019

Hausttónleikar á Selfossi 21.11.2019

Gítarnemar í Listasafni Árnesinga 12.12.2019

Opið hús í Grunnskóli Hveragerðis 13.12.2019

Spilað í Reykholtsskóla 17.12.2019

Litlu jól í Kerhólsskóla 19.12.2019

Dagur tónlistarskólanna Selfossi 8.2.2020

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Gítarleikur í Foss- og Ljósheimum 26.11.2019

Próf: 2 þreyttu grunnpróf og 17 tóku stigspróf

Námskeið sem kennarar hafa sótt: Prófdæmingarnámskeið.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur, kennslugögn) og mat á þeim:

Á árinu kom upp farsótt sem leiddi til þess að öll kennsla fór yfir í fjarkennslu og gekk það vonum framár og sýndi fram á nýja möguleika í kennslunni og að þetta er hægt upp að vissu marki. Þetta var líka gott að því leyti að starfsmenn skólans fengu smá uppfærslu í notkun á þeirri tækni sem nýtist okkur, bæði nú og í framtíðinni.

Annað: Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.

Píanódeild

Skýrsla maí 2020

Deildarstjóri: Margrét S. Stefánsdóttir

Kennarar:

Birna Bragadóttir

Björn Pálmi Pálmason

Dagur Bergsson

Einar Bjartur Egilsson

Ester Ólafsdóttir

Gestur Áskelsson

Guðrún Markúsdóttir

Magnea Gunnarsdóttir

Margrét S. Stefánsdóttir

Miklós Dalmay

Suncana Slaming

Ulle Hahndorf

Hljómsveitir / samspilshópar (fastir og tilfallandi):

Píanóhringekja

Tilfallandi fjórhent

Suzukisamspil

Tónleikahald deildar:

Píanódeildartónleikar 7. nóvember 2019 í Þorlákskirkju

Píanóhringekjutónleikar/samvera 16. nóvember 2019 með nemendum úr Tónskóla

Sigursveins haldnir á Selfossi

Haustrónleikar 23. nóv. – 30. nóvember 2019

Jólaspil „út í bæ“ í desember 2019 s.s dvalarheimili, FSU, bókasafn og fl.

Dagur Tónlistarskólanna 8. febrúar 2019

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Jólaspil „út í bæ“ í desember

Spilað í leikskólum, spilað í messum og fleira

Fossheimar/Ljósheimar 20. febrúar 2020

Tónleikahald á vorönn litaðist af áhrifum COVID 19 og samkomubanni þar sem skólalald á kennslustöðum var ekki. Í stað þess fór kennslan fram á rafrænu formi.

Próf – fjöldi áfangaprófa: 21 stigspróf og 13 áfangapróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Ester Ólafsdóttir vinnur að 4. stigi í suzukikennaranámi.

Guðrún Markúsdóttir vinnur að 4. stigi í suzukikennaranámi.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:

Kristinn Örn Kristinsson píanókennari hélt námskeið um kennsluaðferðir í byrjendakennslu.

Verkefnið Píanóhringekja er áfram inni og er skemmtileg viðbót og æfing fyrir

píanónemendann. Píanóhringekja er samspil píanónemenda þar sem spilað er á tvö píanó (fjórhent) og tónlistin hefur samfelli.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

1) Uppfæra kröfur um yfirferð og erfiðleikastig prófverkefna (verkefni + tónstigar)

2) Safna próf-viðmiðunarverkefnum í möppu.

3) Skanna inn upplýsingar eftir umræður og setja í möppu á O365, sem er aðgengileg öllum píanókennurum.

Rytmísk deild

Skýrsla maí 2020

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar:

Stefán I. Þórhallsson
Skúli Gíslason
Vignir Ólafsson
Sigurgeir Skafti Flosason
Daniel Cassidy

Kennslugreinar:

Slagverk og trommur og samspil
Trommur
Rafgítar, rafbassi og samspil
Rafbassi
Fiðla

Samspilshópar:

Selfoss	Rytmískt samspil 1	Vignir Ólafsson
Selfoss	Rytmískt samspil 2	Vignir Ólafsson
Selfoss	Rytmískt samspil 3	Vignir Ólafsson
Selfoss	Rytmískt samspil 4	Vignir Ólafsson
Selfoss	Slagverkssamspil Grunnám	Stefán I. Þórhallsson
Selfoss	Slagverkssamspil Miðnám	Stefán I. Þórhallsson

Stjórnandi:

Tónleikahald deildar:

Gítardeildartónleikar í Listasafni Árnesinga 5.11.2019
Rytmískir deildartónleikar Selfossi 8.11.2019
Hausttónleikar á Selfossi 29.11.2019
Dagur tónlistarskólanna Selfossi 8.2.2020

